

Nefndasvið Alþingis
Efnahags-og viðskiptanefnd

Reykjavík 10. mars 2021

Efni: Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun regluverks um starfsemi fjárhagsupplýsingastofa (þingskjal 164 - 163. Mál)

Creditinfo Lánstraust hf. hefur kynnt sér þingsályktunartillögu um endurskoðun regluverks um starfsemi fjárhagsupplýsingastofa.

Félagið fagnar framlagningu tillögunnar og þess að teknar verði til endurskoðunar þær reglur sem gilda um starfrækslu fjárhagsupplýsingastofa og vinnslu upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga og lögaðila í því skyni að miðla þeim til annarra.

Örar tækniframfarir hafa orðið á undanförunum árum á fjármálasviðinu sem kalla á breyttar reglur um aðgengi og notkun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust. Fjártækni hefur rutt sér til rúms, ríkari kröfur eru gerðar til lánveitenda um öflun upplýsinga um fjárhagsstöðu einstaklinga, aðgengi að lánsfé er orðið mun meira en áður og innheimtuhættir hafa breyst meðal annars með tilkomu innheimtulaga.

Miðlun fjárhagsupplýsinga er vel þekkt um allan heim. Slík miðlun er forsenda þess að hægt sé að stunda ábyrgar lánveitingar og koma í veg fyrir ofurskuldsetningu. Fjárhagsupplýsingastofur gegna því mikilvægu hlutverki fyrir fjármálamarkaðinn, efnahagslífið í heild sinni en ekki síst fyrir neytendur og er því mikilvægt að regluverkið styðji við þá frampróun sem orðið hefur til þess að slík stofa geti sinnt hlutverki sínu.

Creditinfo er eina fjárhagsupplýsingastofan sem er starfrækt hér á landi en félagið veitir mikilvæga þjónustu á íslenskum lánamarkaði við miðlun fjárhagsupplýsinga, sem er forsenda bæði ábygrgra lánveitinga og lántöku.

Creditinfo er hluti af alþjóðlegu fyrirtæki, Creditinfo Group, sem er leiðandi fyrirtæki á heimsvísu við miðlun fjárhags-og viðskiptaupplýsinga til ákvarðanatöku. Félagið býr því yfir mikilli alþjóðlegri þekkingu og reynslu á þessu sviði.

Að mati Creditinfo er orðið afar brýnt að löggjafarvaldið og/eða framkvæmdarvaldið setji skýrar reglur sem tryggja gott aðgengi að fjárhagsupplýsingum og skilvirka miðlun þeirra, þar sem persónuverndar og upplýsingaöryggis er gætt í hvívetna. Slíkt aðgengi er nauðsynlegt til að mæta þörfum atvinnulífsins og til þess að tryggja vernd allra neytenda, þá vernd að neytendur skuldsetji sig ekki um efni fram sem og að tryggja sem best kjör fyrir skilvísra neytendur.

1. Reglur um vinnslu og miðlun fjárhagsupplýsinga

Eins og fram kemur í greinargerð með lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga geymir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 engin ákvæði sem lúta að vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni. Hafa aðildarríki því svigrúm til að setja sérreglur um þau efni innan ramma reglugerðarinnar.

Einu reglurnar sem gilda hér á landi um þetta mikilvæga svið, sem settar hafa verið af löggjafar-og framkvæmdarvaldinu, er 15. gr. laga nr. 90/2018 sem kveður á um að starfræksla fjárhagsupplýsingastofa og vinnsla upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust skuli bundin starfsleyfi frá Persónuvernd og ákvæði reglugerðar frá árinu 2001 um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust, sem heldur gildi sínu þar til ný reglugerð hefur verið sett um sama efni með vísan til framangreinds ákvæðis nýju persónuverndarlaganna. Reglugerðin tekur þó ekki til gerðar lánhæfismats sem engu að síður er starfsleyfisskyld vinnsla skv. nýjum persónuverndarlögum.

Lagaumhverfið hefur breyst gífurlega frá árinu 2001 með setningu og/eða breytingum á mikilvægum lagabálkum. Má þar nefna lög um neytendalán, innheimtulög, lög um ábyrgðarmenn, lög um greiðsluþjónustu, lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og lög um persónuvernd og vinnsla persónuupplýsinga. Til að varpa ljósi á þær miklu breytingar sem orðið hafa á tveimur áratugum má geta þess að fyrsti netbankinn var opnaður árið 1996¹, snjallsímar eins og við þekkjum þá í dag koma á markað árið 2007 og Fintech tækni í fjármálaþjónustu fer að ryðja sér til rúms töluvert eftir að framangreind reglugerð er sett. Það er því ljóst að þau reglugerðarákvæði sem nú eru í gildi eru gengin sér til húðar.

Creditinfo tekur undir það sem kom fram í ræðu flutningsmanns þeirrar þingsályktunartillögu sem hér er til umfjöllunar, Ólafs Ísleifssonar, á Alþingi þann 23.02.2021, að það sé aðkallandi að endurskoðaðar verði reglur um vinnslu fjárhagsupplýsinga.

2. Neytendalán og neytendavernd

Gríðarlegur fjöldi útlána til einstaklinga fyrir síðasta efnahagshrun var ekki einangraður við Ísland heldur átti við víðast hvar í Evrópu. Til að sporna við hættulegri þróun og ábyrgari lánveitingum í ríkjum álfunnar var tilskipun nr. 2008/48/EB um neytendalán sett. Eitt af meginmarkmiðum tilskipunarinnar var aukin neytendavernd.

Neytendasamtök beittu sér fyrir ábyrgari lánveitingum og árið 2009 segir þáverandi formaður Neytendasamtakanna í grein sinni í Neytendablaðinu að samtökin hafi í baráttu sinni ítrekað að engum sé í hag að fá lán umfram greiðslugetu, þar sem slíkt leiði einungis til skuldavandræða þegar fram líða stundir.²

Í framangreindri tilskipun, sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum nr. 33/2013 um neytendalán, segir að aðildarríkin skuli tryggja að lánveitandi meti lánshæfi neytandans áður en lánasamningur er gerður á grundvelli fullnægjandi upplýsinga, sem fengnar eru frá lántakanum sjálfum eða á grundvelli upplýsinga í viðeigandi gagnasafni ef nauðsyn krefur. Aðildarríkjum er í sjálfsvald sett hvernig þau tryggja að lánveitendur framkvæmi viðeigandi lánshæfismat.

Á þeim tíma sem framangreind lög voru sett eru lánveitendur í landinu tiltölulega fáir og tryggð einstaklinga við viðskiptabankann sinn algeng, jafnvel frá einum ættlið til annars. Lánafyrirtæki sem buðu lán með skjótvirkum hætti á vefsvæðum sínum voru þó farin að skjóta upp kollinum. Viðskiptasögu var því oftast til að dreifa til að meta

¹ Mbl.is 30. Júlí 1996: „Íslandsbanki opnar Heimabanka á netinu“

² Jóhannes Gunnarsson, „Ábyrgar lánveitingar: raunhæft greiðslumat“ [2009] Neytendablaðið 13.

lánshæfi og reglurnar hafa væntanlega tekið mið af þeirri staðreynd. Á undanförunum árum hefur þróun á lánamarkaði verið gífurleg með framgangi fjártækninnar sem hefur leitt af sér bættu þjónustu og aukna skilvirkni. Aðgengi neytenda að lánsfé hefur aukist og er nú orðið auðvelt að taka lán á netinu hratt og örugglega, jafnvel hjá mörgum lánveitendum í einu. Þessi öra þróun í fjártækni hefur leitt til þess að lánveitendur vilja innleiða stafrænar og sjálfvirkar lausnir til að geta metið lánshæfi lántaka sinna á skjótvirkan og hlutlægan hátt og hafa gert það í ríkum mæli. Þróunin hefur jafnframt leitt til þess að skuldsetning neytenda er auðveldari og því nauðsynlegt að upplýsingar um skuldsetningu, vanskil og mat á líkum á vanskilum séu aðgengileg lánveitendum til að tryggja neytendavernd.

Það er mat starfshóps um starfsumhverfi smálánafyrirtækja á Íslandi³ að miðlun upplýsinga um skuldsetningu neytenda varði lánveitendur miklu fyrir lánshæfismat sem á að veita áreiðanlegar vísbendingar um líkindi þess að neytandi hafi greiðslugetu til að efna skuldbindingar sínar sbr. 10. gr. laga um neytendalán. Skylda lánveitenda til að framkvæma lánshæfismat hafi það að markmiði að koma í veg fyrir óábyrgar lánveitingar, þ.e. koma í veg fyrir að lán séu veitt til neytenda sem hafa ekki fjárhagslega burði til að standa í skilum og koma þannig í veg fyrir að þeir lendi í fjárhagserfiðleikum. Starfshópurinn telur að með hliðsjón af því verði að telja mikilvægt að lánveitendur hafi aðgengi að upplýsingum sem eru til þess fallnar að bæta mat þeirra á greiðslugetu neytenda enda sé það til hagsbóta fyrir alla. Starfshópurinn vekur athygli á að til að tryggja eðlilega samkeppni á markaði þurfi slíkar upplýsingar að vera aðgengilegar öllum lánveitendum. Þá bendir starfshópurinn á í skýrslu sinni að aðgengi að upplýsingum um skuldsetningu neytenda í tengslum við mat á lánshæfi geti líka verið jákvæðar og gefið vísbendingar um góða stöðu og skilvísi einstaklinga.

3. Lánshæfismat

Skortur á aðgengi að upplýsingum um skuldsetningu neytenda og skortur á upplýsingum um vanskil getur valdið því að erfitt er að spá fyrir um líkindi þess að viðkomandi geti efnt lánasamning réttilega. Það er ljóst að lánveitendur sem ekki eiga viðskiptasögu um lántaka eiga í það minnsta erfitt með að meta lánshæfi þeirra með fullnægjandi hætti og uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum um neytendalán. Það að hver og einn lánveitandi meti lánshæfi og haldi úti einhvers konar lánshæfismatslíkani er kostnaðarsamt og neytendum ekki til hagsbóta og hefur þróunin verið sú í nágrannalöndunum, sem og annars staðar í hinum vestræna heimi, að fjárhagsupplýsingastofur vinni lánshæfismat byggt á upplýsingum sem nýtast við gerð slíks mats. Víða er lánshæfismat ekki eingöngu notað við mat á lánshæfi vegna veitingu neytendalána heldur einnig vegna viðskipta með alls kyns vörur og þjónustu til að tryggja neytendavernd og jafnframt til að draga úr afskriftum krafna sem koma almenningi til góða í lægra verði vöru og þjónustu og betri vaxtakjara.

Ákvæði laga nr. 33/2013 eru frekar rýr þegar kemur að gerð lánshæfismats, en fram kemur að lánveitanda sé skylt að framkvæma slíkt mat áður en samningur um neytendalán er gerður og sé óheimilt að veita lántaka lán ef mat á lánshæfi leiðir í ljós

³ Skýrsla starfshóps unnin fyrir ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar um starfsumhverfi smálánafyrirtækja á Íslandi og tillögur til úrbóta [Janúar 2019] Kafi 8.11

að hann hafi augljóslega ekki fjárhagslega burði til að standa í skilum með lánið. Af greinargerð með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 33/2013 má þó ráða að láns hæfismat megi m.a. byggja á skilvísni og greiðslusögu. Reglugerð um láns hæfismat- og greiðslumat nr. 920/2013 bætir ekki miklu við en segir að láns hæfismat skuli byggt á viðskiptasögu milli lánveitanda og lántaka og/eða upplýsingum úr gagnagrunni um fjárhagsmálefni og lánstraust og að í þeim tilfellum sem engri viðskiptasögu er til að dreifa sé lánveitanda heimilt, að fengnu samþykki lántaka, að byggja mat sitt eingöngu á upplýsingum úr gagnagrunni þriðja aðila um fjárhagsmálefni og lánstraust.

Það liggur í hlutarins eðli að tölfræðileg spá um atburði í framtíðinni verður að byggja á sögulegum upplýsingum, s.s. um skilvísni og greiðslusögu. Alls staðar í heiminum þar sem lánveitendur nota láns hæfismat eru sögulegar upplýsingar nýttar í þeim tilgangi að auka áreiðanleika slíks mats. Ef upplýsingar um greiðslusögu í fortíðinni eiga ekki að hafa áhrif á láns hæfismat væri grundvellingur kippt undan gagnsemi matsins. Slíkt mat myndi augljóslega ekki fullnægja ákvæðum 5. gr. laga nr. 33/2013 og færi þvert gegn ummælum með 10. gr. lagafrumvarpsins þar sem tiltekið er að láns hæfismat geti m.a. byggt á skilvísni og greiðslusögu.

Úrskurðir Persónuverndar hafa á undanförunum árum mótað reglur um gerð láns hæfismats hjá fjárhagsupplýsingastofu. Embættið hefur í úrskurðum sínum áréttað að rík áhersla sé lögð á að gert sé áreiðanlegt láns hæfismat í aðdraganda samnings um neytendalán og sé skýrslum Creditinfo ætlað að nýtast til gerðar slíks mats. Með vísan til þess hefur Persónuvernd í úrskurðum sínum sagt að ekki verði lítið svo á að það feli í sér óheimila miðlun upplýsinga um vanskilakröfur, sem komið hefur verið í skil, að þær hafi áhrif á niðurstöðu skýrslu um láns hæfi.

Láns hæfismatslíkan Creditinfo hefur staðfest að upplýsingar um vanskil í fortíðinni hafa mikið spágildi um vanskil í náinni framtíð en láns hæfismat félagsins metur líkur á greiðslufalli og skráningu á vanskilaskrá á næstu tólf mánuðum. Bæði hérlendis og erlendis hefur það sýnt sig að upplýsingar um fyrri vanskil er ein sterkasta breytan, sé hún til staðar, til að meta líkur á vanskilum í framtíðinni. Láns hæfismatslíkan Creditinfo hefur staðfest að einstaklingur sem hefur verið á vanskilaskrá einhvern tímann á síðustu fjórum árum er u.þ.b. 10-15 sinnum líklegri til að fara í vanskil á næstu 12 mánuðum en einstaklingur sem hefur ekki verið skráður á vanskilaskrá á síðustu fjórum árum. Líkurnar á nýrri skráningu á vanskilaskrá eru hærrí eftir því sem styttra er liðið frá síðustu skráningu og lækka eftir því sem lengra liður frá síðustu skráningu, þær fara frá því að vera um 30 sinnum hærrí niður í það að vera um 4 sinnum hærrí en hjá þeim sem ekki hafa verið skráðir á vanskilaskrá á síðustu 4 árum. Þessar líkur er endurspegladar í láns hæfismati Creditinfo og því minnka áhrif fyrri vanskilaskráninga á láns hæfismat eftir því sem þær eldast.

Þá hefur Creditinfo lagt áherslu á það að til þess að hægt sé að vinna áreiðanleg láns hæfismatslíkön þarf sá sem vinnur slík spálíkön að hafa gott aðgengi að upplýsingum. Til að geta þróað áreiðanlegt láns hæfismat, og jafnvel spáð fyrir um vanskil lengra fram í tímann, er mikilvægt að hafa aðgang að sem allra lengstri samfelldri sögu um vanskil. Hafa þarf í huga þegar settar eru reglur um vinnslu fjárhagsupplýsinga að stærri lánveitendur í landinu búa yfir gagnlegum upplýsingum úr viðskiptamannasafni sínu til að þróa láns hæfismatslíkön og til að minni lánveitendur sitji við sama borð og hafi aðgengi að áreiðanlegu láns hæfismati þarf að tryggja

fjárhagsupplýsingastofum aðgengi að gögnum til að þróa slík líkön. Hér þarf að horfa til samkeppnisstöðu lánveitenda sem og tækifæra til nýsköpunar á fjármáلامarkaðnum.

Hafa ber í huga að langstærstur hluti neytenda á Íslandi eða um 85% eru með gott lánsþæfismat sem gerir þeim kleift að sækja um fyrirgreiðslu hvort sem er hjá eigin viðskiptabanka eða öðrum lánveitanda án þess að leggja fram veð eða aðrar tryggingar.

4. Skuldastöðuyfirlit

Í ræðu flutningsmanns þeirrar þingsályktunartillögu sem hér er til umfjöllunar á Alþingi þann 23.02.2021, kom fram að starfsemi fjárhagsupplýsingastofu fæli aðallega í sér að halda utan um skráningar á vanskilaskrá og helstu skuldbindingar við fjármálafyrirtæki, svokallað skuldastöðuyfirlit.

Vegna þessa vill Creditinfo koma því á framfæri að Creditinfo rekur Skuldastöðukerfi sem vinnsluaðili fyrir þá banka og lánastofnanir sem miðla upplýsingum inn í kerfið og eru ábyrgðaraðilar þeirra upplýsinga. Gögn í Skuldastöðukerfinu eru sótt í upplýsingakerfi lánveitenda og þarf alltaf að liggja fyrir upplýst samþykki einstaklings. Engar upplýsingar eru skráðar í gagnagrunna hjá Creditinfo en kerfið sækir raunstöðu allra skuldbindinga hjá viðkomandi lánafyrirtæki og byggja upplýsingarnar því alfarið á gögnum frá lánveitendum og eru birtar á yfirliti skuldastöðu eins og þær eru skráðar í lánakerfi/skuldakerfi viðkomandi lánveitanda á hverjum tíma.

Þá kom fram í ræðu þingmannsins að lánsþæfismat byggði að mestu leyti á upplýsingum úr vanskilaskrá og skuldastöðuyfirliti og er þar væntanlega átt við lánsþæfismat Creditinfo.

Persónuvernd hefur kveðið á um að Creditinfo sé heimilt að nota upplýsingar við gerð lánsþæfismats sem einstaklingar samþykkja með óþvinguðu, sértæku, upplýstu og ótvíræðu samþykki að nýttar verði við gerð matsins. Einstaklingum gefst því kostur á að miðla viðbótarupplýsingum við gerð matsins, þar á meðal jákvæðum upplýsingum, en skortur hefur verið á heimildum til að nýta jákvæðar upplýsingar við gerð lánsþæfismats á Íslandi. Með jákvæðum upplýsingum er átt við upplýsingar um skuldbindingar sem viðkomandi aðili stendur í skilum með og eru til þess fallnar að bæta lánsþæfismat. Með slíku samþykki getur einstaklingur heimilað Creditinfo að nota upplýsingar úr skuldastöðu við gerð matsins. Án slíks samþykkis hafa upplýsingar af skuldastöðuyfirliti ekki áhrif á gerð lánsþæfismats.

5. Lögmæti krafna

Í ræðu flutningsmanns þeirrar þingsályktunartillögu sem hér er til umfjöllunar, á Alþingi þann 23.02.2021, kom fram að nauðsyn þess að setja þyrfti skýrar reglur um starfrækslu fjárhagsupplýsingastofa hafi glögglega komið fram í kjölfar fjármálahrunsins 2008 í tengslum við álitafni sem hafa vaknað um lögmæti krafna með hliðsjón af reglum á sviði neytendaverndar. Það eigi ekki síst við í tengslum við svokölluð smálán, með ólöglega háum lánskostnaði, sem hafa verið innheimt af hörku meðal annars með því að nota vanskilaskráningu sem hótun og ógn gagnvart neytendum.

Í starfsleyfum fyrir fjárhagsupplýsingastofu eru og hafa um langan tíma verið ákvæði um vinnslu umdeilda skulda. Í starfsleyfi er skýrt kveðið á um að óheimil sé vinnsla upplýsinga um umdeildar skuldir og það eigi við ef skuldari hefur komið andmælum á framfæri við kröfuhafa, greint honum frá ástæðu andmæla og skuldin hefur ekki verið staðfest með aðfararhæfum dómi eða aðfararhæfri ákvörðun sýslumanns. Reglur og verklag varðandi vinnslu á vanskilakröfum sem fyrirhugað er að skrá eða hafa verið skráðar á vanskilaskrá, sem ekki hafa verið staðfestar með opinberri réttargjörð og teljast umdeildar, er mjög skýrt hjá Creditinfo. Áður en krafa er skráð á vanskilaskrá sendir Creditinfo skuldara bréf um fyrirhugaða skráningu og hefur viðkomandi 17 daga til að bregðast við m.a. að andmæla skráningu á grundvelli þess að krafa sé umdeild.

6. Reglur um vinnslu fjárhagsupplýsinga á Norðurlöndunum

Samanburður við hin norrænu löndin sýnir að þar eru fyrirtækjum og stofnunum veittar víðtækari heimildir en hér á landi til að safna og miðla upplýsingum um fjárhagsmálefni einstaklinga⁴. Í Svíþjóð og Finnlandi hafa um allnökkurt skeið verið í gildi lög um vinnslu fjárhagsupplýsinga og hafa Norðmenn nýlega samþykkt slíka löggjöf. Danir hafa valið þá leið að setja inn í persónuverndarlögin ákvæði um vinnslu fjárhagsupplýsinga.

Þegar horft er til framkvæmdar og löggjafar annars staðar á Norðurlöndunum, s.s. þess hver séu skilyrði til skráninga á vanskilaskrá og aðgengi að upplýsingum við vinnslu lánsþæfismats, þarf að horfa heildsætt á þær reglur sem þar gilda og þær heimildir sem fjárhagsupplýsingastofum eru veittar.

Skilyrði skráninga á vanskilaskrá hjá fjárhagsupplýsingastofum í Noregi eru ekki ósvipuð þeim sem hafa verið í gildi hér á landi. Hér þarf þó að horfa til þess að fjárhagsupplýsingastofur hafa heimild til að nýta upplýsingar um skuldastöðu einstaklinga við gerð lánsþæfismats, án þess að sérstakt samþykki liggi fyrir um notkun þeirra upplýsinga við gerð lánsþæfismats og byggist vinnslan því á lögvörðum hagsmunum.

Haustið 2017 gáfu Norðmenn út lög um vinnslu skuldaupplýsinga við mat á lánstrausti einstaklinga og komu löggin að fullu til framkvæmda haustið 2019 en þá var öllum lánveitendum skylt að gera aðgengilegar upplýsingar um lánveitingar og stöðu þeirra. Slíkar upplýsingar eru aðgengilegar lánveitendum og einnig fjárhagsupplýsingastofum sem er heimilt að nýta þær við gerð lánsþæfismats. Við lagasetninguna horfðu Norðmenn til vinnslu slíkra upplýsinga í Svíþjóð en þar hefur verið rekinn skuldagrunnur í sama tilgangi frá því á áttunda áratugnum. Einnig litu Norðmenn til skuldagrunna víða í Evrópu, s.s. í Belgíu, Lettlandi, Þýskalandi og Hollandi.

Norðmenn nýta því bæði jákvæðar og neikvæðar upplýsingar við gerð lánsþæfismats. Upplýsingar um skuldastöðu í rauntíma við gerð lánsþæfismats tryggir að matið verður áreiðanlegra og kemur í veg fyrir að lántakar geti skuldsett sig víða á skömmum tíma. Það að lánsþæfismat taki mið af skuldastöðu og vanskilum á fyrri stigum og stöðvi fyrirgreiðslu hefur þau áhrif að meiri líkur eru á að einstaklingur greiði vangoldnar kröfur

⁴ Rebekka Bjarnadóttir : „Vinnsla persónuupplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust“ (lokaritgerð ML í lögfræði, júní 2020)

áður en kemur að kostnaðarsamri innheimtu, skráningu á vanskilaskrá og frekari skuldsetningu.

Í Danmörku eru vanskil annars vegar skráð á svokallaða opna skrá og hins vegar lokaða. Vanskil á bilinu 200-1.000 DKK eru skráð á lokuðu skrána en fari heildarvanskil yfir 1.000 DKK eru vanskil skráð á opna skrá. Skuldir við hið opinbera þurfa að nema að lágmarki 7.500 DKK til að hægt sé að skrá vanskil á vanskilaskrána. Á meðan opinber réttargjörð sem staðfestir skuldina liggur ekki fyrir getur hinn skráði andmælt skráningu hennar. Fjárhagsupplýsingarstofur mega ekki miðla upplýsingum af lokuðu skránni, en mega hins vegar nýta þær upplýsingar við gerð lánsþátttöku. Fjárhagsupplýsingastofum er þó ekki heimilt að miðla til áskrifenda hvort að upplýsingar af lokuðu skránni hafi áhrif á matið. Með þessu hafa vanskil tiltölulega fljótt áhrif á lánsþátttöku sem dregur úr líkum á að lántakar skuldsetji sig um efni fram og er þar jafnframt kominn hvati fyrir skuldara að greiða upp vanskil. Komið hefur fram í máli fjárhagsupplýsingastofunnar Experian að sjöundi hver aðili sem fær á sig skráningu í lokuðu skránni fari inn á opnu skrána innan 12 mánaða⁵.

7. Endurnýjun starfsleyfa fjárhagsupplýsingastofa

Ákvæði starfsleyfisskilmála fjárhagsupplýsingastofa hafa verið óbreyttir um nokkurra ára skeið. Persónuvernd hefur á þeim tíma framlengt gildistíma starfsleyfanna án endurskoðunar og hefur ástæða þess verið sú að beðið hefur verið eftir setningu reglugerðar um vinnslu persónuupplýsinga hjá fjárhagsupplýsingastofum á grundvelli 2. mgr. 15. gr. laga nr. 90/2018, þar sem Persónuvernd hefur talið ljóst að ákvæði nýrrar reglugerðar muni hafa áhrif á efni leyfisskilmála.

Á árinu 2020 var hafist handa við semja ný starfsleyfisdrög. Þann 8. október 2020 voru drög að skilmálum í starfsleyfum til fjárhagsupplýsingastofa birt á vef Persónuverndar til umsagnar. Ástæða þess að drögin voru birt og aðilum veittur kostur á að skila inn umsögn til embættisins voru þau að Persónuvernd taldi að skilmálar á grundvelli draganna hefðu almennt gildi og fælu í sér ígildi stjórnvaldsfyrirmæla, auk þess sem um væri að ræða fyrstu starfsleyfisskilmála á grundvelli nýrrar persónuverndarlöggjafar.

Þann 10. nóvember 2020 voru þær umsagnir birtar á vef Persónuverndar sem bárust embættinu.

Endurskoðun starfsleyfisskilmála er ekki lokið en vonir standa til að ný starfsleyfisákvæði verði gefin út á vormánuðum. Creditinfo bindur vonir við að sú vinna sem fer fram við endurnýjun starfsleyfisskilmála fjárhagsupplýsingastofa verði til þess að skýra þær reglur sem um þetta mikilvæga svið gilda þar til sett verða nánari ákvæði um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust í löggjöf.

8. Niðurlag

Fjárhagsupplýsingum er miðlað miðlægt í öllum þeim löndum sem við berum okkur saman við og er miðlunin ein af þeim grunnstoðum sem Alþjóðabankinn hefur skilgreint að þurfi að vera til staðar á markaði til þess að hægt sé að stunda ábyrgar lánveitingar.

⁵ Datatilsynet : Tilladelse 02-09-2005

Ísland hefur tækifæri til að vera framúrskarandi á mörgum sviðum. Til þess að svo megi vera þurfa einstaklingar og fyrirtæki að hafa gott aðgengi að fyrirgreiðslu. Með skýrum reglum um aðgengi og skilvísra miðlun upplýsinga þar sem persónuverndar og upplýsingaöryggis er gætt í hvívetna er hægt að stuðla að betri áhættustýringu, betri lánakjörum, greiðara aðgengi að fjármagni, ábyrgari og hraðari lánaákvörðunum og síðast en ekki síst betri neytendavernd og ábyrgari fjármálahegðun.

Án miðlægrar fjárhagsupplýsingamiðlunar myndu upplýsingar lánveitenda til að byggja lánaákvörðun á skerðast svo um munar. Lánveitendur hefðu þá um þrennt að velja; að lána með mjög háum vöxtum til að vega upp á móti óvissunni um áhættuna við lánveitinguna, að óska eftir tryggingu/veði eða að segja nei.

Ábyrg miðlun fjárhagsupplýsinga hefur stórbætt lánaumhverfi Íslendinga á síðustu árum og enn er hægt að gera miklu betur. Mikilvægt er að stigin verði skref fram á við í að bæta lagaumhverfi til að tryggja heimildir og starfsumhverfi fjárhagsupplýsingastofa öllum neytendum til hagsbóta.

Creditinfo bindur vonir við að dómsmálaráðherra muni skipa starfshóp sem taki til endurskoðunar reglur sem gilda um starfrækslu fjárhagsupplýsingastofa og vinnslu upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga og lögaðila í því skyni að miðla þeim til annarra. Félagið leggur þó áherslu á nauðsyn þess að auk fulltrúa dómsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytisins, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Hagsmunasamtaka heimilanna og Neytendasamtakanna verði skipaðir til viðbótar í starfshópinn fulltrúar fjármálaframtækja (SFF), fulltrúar frá atvinnulífinu og fulltrúar Creditinfo Lánstrausts hf.

Að lokum vill Creditinfo þakka Alþingi fyrir að leita til félagsins við meðferð þessarar þingsályktunartillögu og mun góðfúslega veita allar frekari upplýsingar sé eftir þeim óskað.

F.h. Creditinfo Lánstrausts hf.



Brynja Baldursdóttir
Framkvæmdastjóri